



Nú er skráningablað fyrir flokkana tilbúið og við viljum biðja foringja og forráðamenn að sjá til þess að allir skátar séu skráðir í flokk.

Ekki er gerð krafa um að skátar í sama flokk séu úr sama félagi. Best er þó, að skátar haldi þeim flokkum sem þeir hafa starfað í, sé þess kostur. Kjörfjöldi skáta í flokk er 4-6 skátar, en það má vel gera undanþágu í þeim málum.

Skráningablaðinu má skila útfylltu, einnig er hægt að senda póst á netfangið jokkna@gmail.com, með upplýsingum um flokka. Ef einhverjar spurningar vakna, eða skáta og foringja vantar aðstoð við flokkaskiptinguna eða annað sem að mótinu snýr, er hægt að hafa samband í síma 6997546 (milli 16:00 og 18:00) eða á netfangið jokkna@gmail.com.

Allir flokkar þurfa að skila skráningablaði síðasta lagi 22. Júlí.

Á mótinu verða 4 tjaldbúðarþorp. Flokkunum verður raðað niður á þorpin, reynt verður að halda skátum úr sama félagi í sama þorpi, til að auðvelda foringjum stuðning við sína skáta.

Hvert þorp fær fullbúið eldhús og matartjald með borðum og bekkjum. Eldhúsið inniheldur allan nauðsynlegan eldunarþúnað, áhöld til uppþvotta og eldvarnarteppi, plástra og handspritt.

Flokkarnir þurfa að koma sér saman um svefntjöld. Ætlast er til þess að hvert þorp sinni allri eldamennsku og tjaldbúðastörfum án mikillar aðkomu foringja. Hvert þorp fær úthlutað öldungi sem er fullorðin foringi, sem verður þorpinu til halds og trausts.





Útbúnaðarlisti

Munum að hafa almenna skynsemi að leiðarljósi þegar við pakkað er niður. Þessi listi er ekki tæmandi. Hentugt er að pakka í plaspoka eða vatnshelda pökkunarpoka fyrir þá sem eiga. Það er mikilvægt að allur farangur rúmist í einum bakpoka, ekki marga lausa pakka og pinkla. Munið að merkja allan fatnað og útbúnað.

Fatnaður:

Nærföt
Sokkar/ullarsokkar (helst ekki bómullarsokkar)
Bolir
Ullarnærföt
Náttföt (gjarnan ullarnærföt)
Stuttbuxur
Sundföt
Buxur (ekki gallabuxur)
Peysur
Ullarpeysa og/eða flíspeysa (gjarnan til skiptanna)
Skátabúningur og klútur
Regnföt
Úlpa/vindjakki
Hlífðarbuxur
Húfa, buff, vettlingar
Strigaskór
Gönguskór (legghlífar fyrir þá sem eiga)
Sandalar/crocs fyrir vatnasafari og sull
Derhúfa/sólhattur

Hafið nóg af fötum til skiptanna, en veljið hentug föt. Gott er að pakka fötunum í þurrpoka/plastpoka, (ziplok pokar eru hentugir). Eins þarf að hafa poka fyrir óhrein föt.

Snyrtiáhöld:

Handklæði
Sjampó/hárnæring/sápa (helst í litlum flöskum)
Tannbursti





Tannkrem
Hárbursti/hárgreiða
Sólarvörn
Naglaklippur
Svitalyktareyðir

Mataráhöld:

Grunnan disk
Djúpan disk
Hnífapör
Drykkjarkönnu (og glas)
Vatnsbrúsi

Æskilegt er að mataráhöldin séu létt og þægileg. Gott er að hafa mataráhöldin í diskapoka sem kemur í stað diskapurruku.

Ýmislegt:

Svefnpoki
Einangrunrdýna/loftdýna
Koddi, lífill sem passar í hettuna á svefpokanum (ef vill)
Skátahnífur/vasahnífur
Vasaljós/höfuðljós
Áttaviti
Sólgleraugu
Stílabók/skriffæri
Lyf (fyrir þá sem þurfa)

Ekki er æskilegt að skátarnir komi með stórar uppblásnar vindsængur, þar sem þær taka of mikið pláss þegar margir sofa saman í tjaldi. Þunnar loftdýnur og einangrunardýnur henta betur. Ef skátinn á ekki hlýjan svefnpoka er hægt að taka með þunnt flísteppi og hafa inn í svefnpokanum ef það verður kalt.

Ekki er gert ráð fyrir félagatjaldbúðum á mótinu. Flokkarnir sem mynda saman þorp eiga að starfa saman sem ein heild þvert á skátafélög. Á mótinu eru ekki eiginlegar fjölskyldubúðir, en fjölskyldur og aðstandendur geta greitt sig inn á tjaldsvæðið að Hömrum. Ef það er mikill áhugi á fjölskyldubúðum er hægt að reyna að semja um sérkjör á gistingu.

